

L Ö G

um gærumat.

11

4. maí

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allar gærur, sem fluttar eru héðan af landi, skulu metnar og vegnar af lögskipuðum gærumatsmönnum. Gærumatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun gæranna, og er útflytjendum skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lúti. Hverri gærusendingu skal fylgja vottorð gærumatsmannsins um, að gærurnar séu metnar og vegnar. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður gærumatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi gæranna eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann. Í vottorði gærumatsmanns skal tilgreind þyngd gæranna saltlausra. Ekki skulu aðrar gærur teljast hæfar til útflutnings en þær, sem eru sæmilega hreinar og þurrar, þegar þær eru vegnar, og vel með farnar og óskemmdar, þegar þær eru fluttar út.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á gærum, sem út eru fluttar, skuli einnig ná til gæra, sem seldar eru á innlendum markaði.

3. gr.

Allar gærur skal merkja greinilega með merki kaupfélags þess eða verzlunar, er gærurnar flytur út eða selur til útflutnings. Í merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir.

4. gr.

Nánari reglur um mat gæranna, merkingu og meðferð við útskipun setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum gærumatsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmann á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem þörf þykir.

6. gr.

Gærumatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup gærumatsmanna greiða kaupfélög þau og verzlanir, er gærur flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi gærumatsmanna.

Ekki mega gærumatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning gæranna eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út gærur.

11

4. maí

8. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út gætur án þess að gæta fyrir mæla þessara laga um mat og merkingu þeirra, skal sæta sektum frá 200 til 20000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

12

15. maí

L Ö G

um íþróttakennaraskóla Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skólinn heitir íþróttakennaraskóli Íslands. Heimili hans er að Laugarvatni.

2. gr.

Verksvið skólans er að mennta karla og konur til þess að annast íþróttakennslu í skólum og félögum.

3. gr.

Námsgreindir skólans skulu vera sem hér segir:

- A. Verklegt: Leikfimi, sund, íslenzk glíma, frjálsar íþróttir, knattleikir, leikir, skíða- og skautafimi, róður og sigling.
- B. Bóklegt: Íslenzka og íslenzkar bókmenntir, líkamsfræði, kennslufræði, efnafræði, hjálp í viðlögum, íþróttufræði, sálarfræði, uppeldisfræði.

Enn fremur hreinlæti, framkoma og kurteisisreglur, bindindisfræði, gerð íþróttamannvirkja, leikreglur og íþróttareglur, íþróttalíf og íþróttasamkeppni.

4. gr.

Kennsluár íþróttakennaraskóla Íslands er 9 mánuðir, frá októberbyrjun til júniloka. Þar skulu vera starfræktar tvær ársdeildir, önnur fyrir íþróttakennara, sem einir hafa rétt til starfa við ríkisskólana, en hin fyrir áhugamenn í íþróttum og fyrir væntanlega íþróttaleiðtoga, er starfa við ýmiss konar frjálsan íþróttafélagsskap. Auk þess má starfrækja í íþróttakennaraskóla Íslands íþróttanámskeið um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem skólanefnd ákveður og fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Um námskröfur allar, hvert skilyrði um inngöngu í skólann og burtfararpróf skulu sett ákvæði í reglugerð.